



Áfanganúmer: LÍFF2PD09

Prep: 2

Einingar: 9

Forkröfur: LÍFF1EL05

Lýsandi heiti: Flokkun og þróun lífvera, plöntur, dýr og sveppir.

Áfangalýsing:

Í þessum framhaldsáfangi á náttúrufræðideild I er fjallað um efnaskipti og orkubúskap lífvera, frumuöndun og ljóstillíf, æxlun plantna, þróun og flokka hryggleysinga og hryggdýra.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- varðveislu orku
- hugtökum um efnaskipti og orkumyndir í frumum
- hlutverk ensíma sem hvata í efnaskiptum
- loftháðri og loftfirrðri öndun í frumum
- ljóstillíf og kolefnisbindingu
- æxlun plantna
- byggingu og lífsferla sveppa
- þróunartengslum og einkennum dýrafylkinga

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- útbúa smásjársýni
- nota smásjár og víðsjár
- greina plöntur
- greina og kryfja hryggleysinga og hryggdýr

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- til að beita grunnhugtökum í frumulíffræði
- fyrir nám um efri skipulagsstig lífvera
- til að tileinka sér frekari þekkingar um lífverur og umhverfi þeirra
- fyrir nám um sameindafræðilega ferla í lífverum
- fyrir nám í líffæra- og lífeðlisfræði mannsins
- til að ástunda sjálfbæran, vistvænan og heilsusamlegan lífsstíl
- vinna eftir verklýsingum, skrá og túlka niðurstöður á skýrsluformi

Mat á hæfniviðmiðum

Þátttaka og framlag í kennslustundum, frammistaða í verklegum æfingum, á prófum, verkefnum og samvinna í skýrslugerð.